

3. gr.

Af vörum sem tollfrjálsar eru skv. 2. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. skal ekki innheimta jöfnunargjald skv. 1. gr. laga þessara. Ráðherra er heimilt í reglugerð eða með öðrum fyrirætlum að fella niður eða endurgreiða jöfnunargjald af vörum sem undanþegnar hafa verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.

4. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða vörur skuli gjaldskyldar skv. 1. gr. svo og önnur atriði varðandi framkvæmd laga þessara.

Ráðherra skal heimilt að undanþiggja einstakar vörur gjaldskyldu skv. 1. gr. ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

5. gr.

Tekjum af jöfnunargjaldi skal ráðstafað í fjárlögum ár hvert að hluta til eflingar iðnþróunar.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórninni er heimilt á árinu 1981 að leggja á til viðbótar allt að 2% jöfnunar- og aðlögunargjald eða ígildi þess, enda renni tekjur af þessu viðbótargjaldi óskiptar til iðnþróunar.

Gjört í Reykjavík 23. desember 1980.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

L Ö G

um minnstu mynteiningu við álagningu og innheimtu opinberra gjalda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Allir skattar og opinber gjöld svo og greiðslur til opinberra aðila fyrir hvers konar leyfisbréf, skírteini, skráningar og vottorð, hvort sem þær eru innheimtar samkvæmt aukatekjulögum eða öðrum heimildum, skulu lögð á í heilum krónum þannig að lægri fjárhæð en 50 aura skal færa niður í næstu heila krónu en 50 aura eða hærri fjárhæð skal hækka upp í næstu heila krónu.

2. gr.

Innheimta á gjöldum skv. 1. gr. skal einnig fara fram í heilum krónum þannig að innheimtuaðila er óskylt að taka við greiðslum í minni einingu en heilum krónum.

3. gr.

Ákvæði 2. gr. eiga einnig við um innheimtu opinberra gjalda sem lögð hafa verið á fyrir 1. janúar 1981 en eigi hafa verið innheimt fyrir það tímamark. Standi gjöld þessi eða eftirstöðvar þeirra á minni einingu en heilli krónu við gildistöku laga þessara skal lækka þá fjárhæð niður í næstu heila krónu og innheimta þannig.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

Gjört í Reykjavík 23. desember 1980.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 33 29. maí 1980 um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. og 2. málslíður 1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal í rikissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greiða til og með 31. desember 1981 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskránum greiðist 24% gjald:

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Hið sérstaka vörugjald skv. 1. gr. skal lagt á tollverð gjaldskyldrar innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum og vörugjaldi, en á verksmiðjuverð innlendra framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða þökkun hér á landi að viðbættu vörugjaldi.

Um ákvörðun tollverðs innfluttrar vöru skulu gilda ákvæði þar að lútandi í lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum.

Við ákvörðun verksmiðjuverðs innlendra framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða þökkun hér á landi skal leggja til grundvallar útreikningi gjaldsins söluverð vöru frá verksmiðju. Samsvari söluverð frá verksmiðju ekki heildarandvirði framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð